

Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - Pósthólf 1450 - 121 Reykjavík  
Sími 591 0100 - Fax 591 0101  
mottaka@si.is - www.si.is

Alþingi  
Erindi nr. **D** 135/954  
komudagur 11.12.2007



## MINNISBLAÐ

<b>EFNI:</b>	Lög um Endurvinnsluna og ákvæði í lögum um úrvinnslugjald sem taka þau yfir frá 1. janúar 2008
<b>DAGS:</b>	20. september 2007
<b>HÖFUNDUR:</b>	Bryndís Skúladóttir
<b>VIÐTAKANDI:</b>	Sigurbjörg Sæmundsdóttir, umhverfisráðuneyti
<b>AFRIT:</b>	Eiríkur Hannesson, Endurvinnslunni

Vísað er til erindis Samtaka iðnaðarins frá 28. febrúar síðastliðinn þar sem óskað var eftir því að sá frestur, sem gefinn er í bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 162/2002, verði framlengdur um tvö ár eða til 1. janúar 2010. Frekari rökstuðnings var óskað af hendi ráðuneytis á fundi hinn 14. september síðastliðinn.

Í fyrrnefndu erindi er nefnt að áhugi sé á að skoða möguleika á að framleiðendur taki rekstur Endurvinnslunnar yfir á grundvelli framleiðendaábyrgðar. Ólíkt ýmsum öðrum vörflokkum, s.s. raftækjum og umbúðum, gilda engar evróputilskipanir um söfnun gosdrykkjaumbúða. Svigrúm er til þess að velja fyrirkomulag sem raskar sem minnst því ágæta starfi sem nú þegar er unnin við söfnun umbúðanna. Huga þarf að lagagerð í anda þess sem gert hefur verið í löndunum í kringum okkur og reynst vel því margt hefur breyst frá því Endurvinnslan tók til starfa árið 1989 og augljóst að breyta þarf löggjöfinni. Ljóst er að breyta þarf ýmsu, s.s. eignarhaldi Endurvinnslunnar, innheimtu og öðrum rekstrarlegum þáttum og tíma tekur að vinna úr því. Huga þarf að eftirliti og hvernig tryggja megi að allir sem ábyrgð bera taki þátt og greiði kostnað af þeim hluta úrgangsins sem þeim ber. Skoða þarf hvaða hlutverki hluthafar í Endurvinnslunni, aðrir en framleiðendur og innflytjendur, munu gegna í framtíðinni. Á þessu stigi er einnig óljóst hverjir verða tilbúnir til að vinna með framleiðendum við söfnun á umbúðum í framtíðinni. Nokkuð löng saga liggur hér að baki og ýmsa lausa enda þarf að hnýta.

Samkvæmt nógildandi lögum er gert ráð fyrir að Úrvinnslusjóður taki skilagjaldskerfið yfir. Í fyrrnefndu erindi er rökstutt hví tvö ár séu æskilegur tími ef svo verður og hér er vísað til þess.

Fyrirsjáanlegt er að tilskipun um söfnun raftækjaúrgangs muni taka gildi hér á landi síðar á þessu ári. Búast má við að það safnist í reynslubankann á næsta ári þegar söfnun raftækja fer stað. Æskilegt er að ljúka því starfi áður en gengið er frá málum Endurvinnslunnar, frekar en að vinna þessi mál samhliða.

Engin sérstök ástæða er til að flýta þessu máli. Úrganginum er safnað nú þegar, árangur er með ágætum og ekki er vitað til að neinir beri skarðan hlut frá borði vegna fyrirkomulagsins eins og því er nú háttað.

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ  
UMH 07020009  
MÓT. 8. MAJ 2007  
Br.: 64-0 Áb.: SAA



Umhverfissráðuneytið  
Hr. Magnús Jóhannesson  
Ráðuneytisstjóri  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2007

**Lög um Endurvinnsluna hf. og ákvæði í lögum um úrvinnslugjald um að leggja úrvinnslugjald á einnota umbúðir úr áll, stáli, plasti og gleri 1. janúar 2008**

Á stjórnarfundum Úrvinnslusjóðs 2. mars 2007 var tekið fyrir erindi frá Endurvinnslunni hf., dagsett 31. janúar 2007. Þar er vinsamlega farið fram á að Úrvinnslusjóður óski eftir allt að tveggja ára framlengingu núverandi laga um Endurvinnsluna. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum um úrvinnslugjald skal álagning úrvinnslugjalds á einnota drykkjarvöruumbúðir úr áll, stáli, plasti og gleri hefjast frá og með 1. janúar 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög um Endurvinnsluna. Á fundinum lá auk þess fyrir bréf Samtaka Iðnaðarins til umhverfissráðuneytisins, dagsett 28. febrúar 2007, þar sem samtökin óska eftir tveggja ára frestun á ofangreindu ákvæði í lögum um úrvinnslugjald.

Stjórn Úrvinnslusjóðs féllst á rökstuðning Endurvinnslunnar og Samtaka Iðnaðarins um að fresta ofangreindu ákvæði um skilgjaldsumbúðir um tvö ár. Með frestinum skapast svigrúm til að láta reyna á vilja framleiðenda/innflytjenda, sem í hlut eiga, til að taka að sér verkefni Endurvinnslunnar á grundvelli framleiðendaábyrgðar. Í því máli eru mörg atriði sem þarf að skoða, svo sem lagaumhverfi slíkrar starfsemi. Vafasamt er að gera ráð fyrir að unnt verði að ljúka málinu fyrir árslok svo tryggt sé. Stjórn Úrvinnslusjóðs er sammála um að hagkvæmur rekstur skilgjaldskerfisins er best tryggður með aðkomu framleiðenda/innflytjenda. Með þátttöku þeirra á grundvelli framleiðendaábyrgðar verður samfella í rekstri kerfisins tryggð með einfaldari hætti en eila.

Í ljósi þessa er óskað eftir því að umhverfissráðuneytið hlutist til um að fresta ofangreindu ákvæði um skilgjaldsumbúðir í allt að tvö ár.

Ef málinu verður frestað og möguleiki á framleiðendaábyrgð skoðaður er stjórn Úrvinnslusjóðs tilbúin til að taka þátt í undirbúningi málsins óski ráðuneytið þess.

Virðingarfyllt,

Úrvinnslusjóður

Ólafur Kjartansson

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ	
UMH	07030009
Mótt.	1. MAK 2007
Btl.	64-0 Abz SAA

Umhverfísráðuneytið,  
Jónína Bjartmarz, umhverfísráðherra  
Skuggasund 1  
150 Reykjavík



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 28. febrúar 2007

**Efni: Lög um Endurvinnsluna hf. frá 1989 og ákvæði í lögum um úrvinnslugjald sem taka þau yfir frá 1. janúar 2008**

Endurvinnslan hf. var stofnuð með lögum árið 1989. Markmiðið með stofnun félagsins var að safna og endurvinna einnota drykkjarvöruumbúðir í þágu umhverfisverndar. Árangur af söfnun umbúða hefur verið með ágætum og sambærilegur því sem þekkt meðal nágrannaþjóða. Rekstur félagsins hefur því gengið vel, sátt hefur ríkt um reksturinn og markmið með stofnun þess hafa náðst.

Samkvæmt lögum um úrvinnslugjald, nr. 162 frá 2002, skulu einnota drykkjarvöruumbúðir falla undir þau lög frá og með 1. janúar 2008. Samtökin óska eftir að sá frestur, sem gefinn er í bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 162/2002, verði framlengdur um tvö ár, eða til 1. janúar 2010.

Rekstur Endurvinnslunnar, eins og nú er háttað, fellur ekki vel að fyrirkomulagi Úrvinnslusjóðs. Um mun hærrí fjárhæðir er að ræða þegar skilagjald er komið til sögunnar en nemur úrvinnslugjaldi, og ljóst er að Úrvinnslusjóður gæti ekki greitt fjölda ráðstöfunaraðilla um land allt svo háar fjárhæðir nema fá betri gögn um talningar umbúða en nú standa til boða. Meginmunurinn á Úrvinnslusjóði og Endurvinnslunni er sá að Endurvinnslan rekur sjálf móttökukerfið en Úrvinnslusjóður gerir samninga og greiðir gjaldið þeim sem reka móttökukerfi. Aukin fjarlægð milli viðskiptavina og greiðanda gerir eftirlit flóknara. Endurvinnslan er um þessar mundir að auka vélvæðingu sem gerir slíkt eftirlit auðveldara. Æskilegt er að Endurvinnslan fái tækifæri til þess að ljúka þeirri vinnu á næstu árum.

Frá því að lög um Endurvinnsluna og um Úrvinnslusjóð voru sett hefur orðið talsverð þróun í endurvinnslumálum í heiminum og hafa Íslendingar fylgst með þeirri þróun. Framleiðendur sýna aukinn áhuga á að taka í eigin hendur rekstur félaga sem sjá um endurvinnslu. Þeir framleiðendur sem að mestu standa undir rekstri Endurvinnslunnar eru reiðubúnir til að skoða möguleika á að reka fyrirtækið sem líkast því sem verið hefur í trausti þess að lög um starfsemina verði ásættanleg.

Í ljósi þessa er óskað eftir því að veittur verði frestur til ársins 2010 til að meta möguleika á framtíðarskipan fyrirtækisins og ljúka tímafrekri vélvæðingu sem hafin er og er undirstaða öryggis og lægri rekstrarkostnaðar.

Málið hefur verið tekið upp í stjórn Úrvinnslusjóðs og þetta erindi er í samræmi við afstöðu stjórnarinnar.

Bryndís Skúladóttir  
Samtök iðnaðarins